

Jón Þ. Kristjánsson, f. 2. 5. 67 að Draflastöðum í Fnjósk. For. K. b. þar, á Kambsstöðum og Birningsstöðum, Jónsson, frá Mjóadal, og k. Guðrún, f. 25. 10. 46, d. 1907, Bjarnadóttir frá Reykjahlíð, Jónssonar pr. þar, Þorsteinssonar. Ólst upp á Birningsstöðum, þar sem for. hans þjuggu lengst. Hvarf til Vesturheims 22 ára að aldri. Dvaldist þar 8 ár og lærði ýmislegt verklegt. Kom heim og settist að á Ak. Kenndi fyrst um sinn ensku á vetrum og var ökumaður á sumrin. Varð fyrstur manna til að kenna á Ak. að nota hesta fyrir kerrur og vagna, plóga, herfi o. fl., svo að almennt yrði. Átti mikinn þátt í stofnun verkamannafjel. þar og lengstum form. þess. Mörg ár ritari Heimastjórnarfjel., gjk. Sjúkrasaml. frá stofnun þess 1913. Bæjarfr. nokkur ár. D. 1. 6. 1914 á Ak. K. 1903 Sigurbjörg Jónsdóttir frá Móbergi í Húnavs.

Jón Kristjánsson, f. 14. 6. 81 á Breiðab.stað, Vh. For. K. Jónsson, b. þar, f. 23. 2. 48, og k. Gróa, f. 6. 1. 39, d. 15. 5. 07, Ólafsdóttir alþm. og dbrm. á Sveinsstöðum, f. 5. 10. 11, d. 20. 10. 73, Jónssonar pr. í Steinnesi Þjeturssonar. Stúd. 1904. Hóf nám í Læknaskólanum haustið 1904. Sigldi til Khafnar haustið 1907 til þess að nema nuddlækningar. Tók próf vorið 1908 í „massage“ og sjúkraleikfimi. Hvarf heim til Rvíkur og settist þar að sem prakt. nuddlæknir, en hjelt jafnframt áfram læknisfræðinami í Rvík. Cand. med. þar 1914. Var í spítölum í Khöfn um hríð. Starfaði sem aðst.læknir við Finsen-stofnunina og lagði stund á hjartasjúkdóma sem sjergrein, auk nuddlækninga. Settist að í Rvík 1915 sem sjerfræðingur í Fysiotherapi. Tvívegis siglt til frh.náms í Kh. og Wien. Stofnaði nuddlækningaskóla 1928 með aðstoð nokkurra lækna í Rvík. D. 17. 4. 1937 í Rvík. K. 10. 5. 18 Emilía, f. 12. 10. 87, Sighvatsdóttir bankastj. Bjarnasonar.

Jón Kristjánsson, f. 22. 4. 85 í Flensborg við Harnarfj. Alþr. Bóv. ars kennara í Rvík. Stúd. 1904. Cand. juris 1909. Aukakennari við Lagaskólann í Rvík haustið 1909, prófessor í lögum við háskólann 1911 og síðan. Einn af frumkvöðlum um stofnun Mjólkurfjel. Rvíkur og form. þess. Aðalstofnandi „Smjörlikisgerðarinnar“. Rak búskap. Rit: Íslenzkur sjórjettur, 1910; aukinn 1912. Íslenzkur kröfurjettur, 1913. Íslenzkur verzlunarrjettur, 1916. Allar kennslubækur. D. 9. 11. 1918 í Rvík. K. 13. 7. 12 Þórdís Todda, f. 15. 5. 89, d. 12. 11. 18, Benediktsdóttir, systir Eiríks Benedikz.

Jón Andrjes Kristjánsson, f. 19. 5. 93 að Tyrðilmýri á Snæfj.strand. For. K. Jónsson, sjóm. og b. þar, og k. Guðrún Eiríksdóttir b. í Unaðal Eiríkssonar. Hefir stundað sjó frá 14 ára aldri. Skipstjóri 1924 og síðan, skipstjóri á „Valbírni“ frá Ísaf. 1929 og síðan. Í stjórn Samv. fjel. Ísfirð. K. 1924 Vilborg, f. 7. 2. 89, Torfadóttir, Björnssonar b. á Dröngum í Dýraf.

Eiríkur **Jón Kristjánsson Ísfeld**, f. 5. 9. 08 í Haga í Mjóaf., S. Mól. For. K. Guðmundsson Ísfeld, b. á Sljettu í Loðm.f., og k. Júlía Sigríður Steinsdóttir kennara, nú í Rvík, Jónssonar. Stúd. Ak. 1908.

Kennarapróf 1934. Farkennari 1934—37. Tímakennari við barna- og ungl.skólann á Seyðisf. 1937—38. Hóf nám í Háskólanum haustið 1938. Cand. theol. 1942. Vígður til Rafnseyrar 23. 8. 42 og fjekkt veitingu frá fard. 1943. K. 25. 6. 42 Auður, f. 2. 5. 17, Halldórsdóttir ráðsmanns í Saltvík á Kjalarnesi Pálssonar.

Jón Loftsson, f. 12. 10. 36 að Vatnsskarðshólum í Mýrdal. For. L. b. þar, f. 7. 6. 02, d. 1. 4. 60, Guðmundsson, og k. Valgerður Sigurðardóttir b. á Steig Árnasonar. B. á Vestri-Geldingalæk á Rangárvöllum 1867—1897. Átti heima þar alls 72 ár. Snn. 17 ár, safnaðarfr., í sóknarn., meðhjálpari í Keldnakirkju allt að 30 árum. D. 23. 1. 1925. K. 1867 Þuríður, d. 1893, Einarsdóttir b. í Gunnarsholti Guðmundssonar.

Jón Loftsson, f. 11. 12. 91 á Miðhóli í Sljettuhlíð. For. L. Jónsson, trjesmiður, f. 4. 2. 53, d. 20. 4. 41, og k. 1890 Ingibjörg Kristín Þóroddsdóttir, als. síra Pálma á Hofsó. Búfr. Hólum. Var og á verzlunarnámsskeiðum erl. Form. og frkvstj. Vikurfjelagsins hf. Stofnandi og þátttakandi Vikurfjel. hf. Einn af stofnendum Ofnasmiðjunnar hf. Hefir fundið upp sjerstaka aðferð við gerð húsveggja úr vikurplötum og fengið einkaleyfi fyrir aðferðinni. Keypti árin 1923—29 síld til söltunar á Sigluf. í allstórum stíl og telur sig hafa gert hana betri en áður var með ýmsum bættum verkunaraðferðum. K. 1930 Brynhildur, f. 14. 5. 05, Þórarinsdóttir hrstj. og b. á Hjaltabakka Jónssonar.

Jón Lýðsson, f. 13. 5. 87 í Skriðnesenni. For. L. Jónsson, b. þar og hrstj., og k. Anna Magnúsdóttir b. Jónssonar. B. í Skriðnesenni. Hrstj. 1932 og síðan. K. 1923 Steinunn, f. 4. 11. 89, Guðmundsdóttir b. á Dröngum Þjeturssonar.

Jón Magnússon, f. 8. 11. 35 í Austurhlíð í Biskupstungum. For. M. Jónsson, b. þar og dbrm., síðar lengi í Bráðræði við Rvík, og k. Guðrún Jónsdóttir Hjaltalín. Við nám í æsku hjá sr. Jóhanni Briem í Hruna. B. á Stóra-Ámóti 1 ár, í Austurey í Laugardal 3 ár, Felli í Bisk.t. 5 ár, og var hrstj. þar, Narfakoti í Njarðvíkum 16 ár. Fór 1886 að Bráðræði og dvaldist þar til dauðadags. D. 1. 4. 1924. K. 11. 6. 61 Halla Árnadóttir b. og dbrm. á Stóra-Ámóti Magnússonar.

Jón Magnússon, f. 17. 10. 40 á Vilmundarstöðum í Reykholtaldal. For. M. Jónsson, b. þar, og k. Ástríður Hannesdóttir b. á Steindórsstöðum Jónssonar. B. í Stóra-Ási í Hálsasveit 1867—1916. Hrstj. 1870—1907. Stundaði sjó á yngri árum, var þá oft formaður. Smiður góður. Orðlagður gestgjafi. Var sæmdur heiðursgjöfum af sveitungum, er hann ljet af hreppsstjórn. D. 30. 10. 1916. K. 1867 Þorgerður, d. 31. 1. 31, Hannesdóttir b. í Stóra-Ási Sigurðssonar.

Jón Skúli Magnússon, f. 28. 12. 43 á Grenjaðarstað. For. M. Jónsson, pr. á Grenjaðarstað, f. 6. 1. 09, d. 1875, og k. Þórvör Skúladóttir pr. í Múla Tómassonar. Skrifari hjá Þjetri Havstein, amtm. á Möðruvöllum. Sigldi til Khafnar og lærði verzlunarfræði. Var nokkur ár í þjónustu Clausens etazráðs og stórkaupm. Stundum fyrir lausakaupa-